



Fjölskyldusvið

Beiðni um ráðgjöf vegna leikskóla - fjölmenning

Beiðni er vegna: ☐ nemanda ☐ nemendahóps

Nafn barns:	Kennitala:	Deild:	Leikskóli:
Foreldri A:	Kennitala:	Foreldri B:	Kennitala:
Heimilisfang:		Heimilisfang:	
Vinnusími:	GSM:	Vinnusími:	GSM:
Netfang:		Netfang:	
Deildarstjóri:		Netfang:	
Móðurmál:		Móðurmál:	
Fæddist barnið á Íslandi?			
Hvaða ár kom barnið til Íslands?			
Samþætting: Já _____ Nei _____ 1. stig - tengiliður _____ 2. stig - málstjóri _____ 3. stig - málstjóri _____			

Hvaða markmið eru með ráðgjöf?



Hvaða íhlutun, þjálfun og/eða sérstuðningur hefur farið fram í leikskólanum?

Forsjáraðila er kunnugt um vinnslu ofangreindra persónuupplýsinga á grundvelli lagaheimildar og að málefni barnsins og fjölskyldu þess séu rædd á lausnateymisfundi leikskólanna sem haldinn er í leikskóla barnsins, teymið er samstarfsvettvangur sérfræðinga fjölskyldusviðs Árborgar, deildarstjóra/stjórnenda leikskóla og heilsugæslu. Jafnframt heimila forsjáraðilar að aðilar í teyminu afli upplýsinga og veiti þær að því marki sem þykir nauðsynlegt til að vinna að úrlausn mála sem og sendingar gagna í almennum pósti eða með rafrænum lausnum ef þess er þörf.

Beiðni útfyllt, dags.

Undirskrift forsjáraðila

Dagsetning

Undirskrift leikskólastjóra/sérkennslustjóra/deildarstjóra

Dagsetning

Beiðni um ráðgjöf móttækin, dagsetning: _____ af: _____



Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Sveitarfélagið Árborg, er ábyrgðaraðili vinnslu vegna ráðgjafarbeiðni leikskóla í þeim tilgangi að meta þörf á sérfræðiþjónustu samkvæmt 21. og 22. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla. Heimild til vinnslu framangreindra persónuupplýsinga grundvallast á lagaheimild, skv. 3. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Við úrvinnslu beiðinnar er unnið með eftirfarandi upplýsingar: Almennar persónuupplýsingar um barn og foreldra þess, s.s. nöfn, heimilisföng, kennitölur, símanúmer og netföng, og um deildarstjóra barns. Þá er fjallað um annað sem beiðandi greinir frá, s.s. varðandi áhyggjur sem uppi eru af barni og úrræði sem þegar hafa verið reynd. Upplýsinga er aflað frá beiðanda auk þess sem sveitarfélagið sækir grunnupplýsingar um aðila til Þjóðskrár. Þá kann sveitarfélagið að nýta fyrirbyggjandi gögn hjá sveitarfélaginu við úrvinnslu umsóknar.

Sveitarfélagið varveitir upplýsingar í tengslum við ráðgjafarbeiðni ótímabundið í samræmi við lagaskyldu. Almennt eru þær persónuupplýsingar sem sveitarfélagið safnar afhentar héraðsskjalasafni Árnesinga að

þrjátíu árum liðnum. Sveitarfélagið gætir öryggis persónuupplýsinga með viðeigandi skipulagslegum og tæknilegum ráðstöfunum, þ.á.m. aðgangsstýringum og dulkóðun. Allt það starfsfólk sem kemur að vinnslu persónuupplýsinga í beiðni er bundið þagnarskyldu.

Sveitarfélagið mun ekki miðla persónuupplýsingum til annarra aðila nema sveitarfélaginu sé það skylt á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða dómsúrskurðar. Þá mun sveitarfélagið ekki miðla persónuupplýsingum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema á grundvelli sérstakrar heimildar þar um og án þess að upplýsa viðkomandi um slíkt.

Einstaklingur kann að eiga rétt til þess að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem sveitarfélagið vinnur með í tengslum við ráðgjafarbeiðni. Þá kann einstaklingur að hafa rétt til að andmæla vinnslunni, fá upplýsingar leiðréttar, krefjast þeim að þeim verði eytt, að vinnslan verði takmörkuð og/eða að fá upplýsingar afhentar. Nánari upplýsingar um þessi réttindi má finna í persónuverndarstefnu sveitarfélagsins sem er aðgengileg á vefsíðu Sveitarfélagsins Árborgar.

Sérstök athygli er vakin á því að ef óánægju gætir varðandi meðferð sveitarfélagsins á persónuupplýsingum er unnt að hafa samband við persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins (personuvernd@arborg.is) eða senda erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is).

☐ Ég hef kynnt mér ofangreint og er kunnugt um með hvaða hætti Sveitarfélagið Árborg meðhöndli persónuupplýsingar.